

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/528*  
*komudagur 4.12.2013*



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2013

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (húsnæðissparnaður), þingskjal 210 — 175. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (húsnæðissparnaður).

BSRB tekur undir markmið frumvarpsins sem væntanlega er að auðvelda fyrstu íbúðarkaup. Bandalagið telur það brýnt málefni að tryggt verði að allir hafi þak yfir höfuðið, hvort heldur sem er með bættum leigumarkaði eða til kaupa á íbúðarhúsnæði. Ljóst er að þörf er á heildarendurskoðun húsnæðismála á Íslandi, sbr. erfiðleika á húsnæðismarkaði sem og umræðu um verðtryggingu fasteignalána. Sú umræða hefur verið viðvarandi undanfarin ár á vegum stjórnvalda. Hins vegar verður ekki séð að frumvarp þetta tefji né hafi mikil áhrif á heildarendurskoðun húsnæðismála. Af þeim ástæðum styður BSRB markmið frumvarpsins.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading 'Helga Jónsdóttir', is written over the typed name.

Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri